

FUNDARGERÐ

137. fundar fræðslunefndar Mýrdalshrepps.

Fundarstaður: Grunnskóli Mýrdalshrepps.

Fundartími: Þriðjudagur 12. febrúar 2007 kl. 16:00.

Mættir: Undirritaðir aðalmenn fræðslunefndar ásamt áheyrnarfulltrúum.
Grunnskólakennarar mæta á fundinn undir lið IV-6.

Ritari fundarins: Sveinn Pálsson sveitarstjóri.

Formaður, Björgvin Jóhannesson setti fund og stjórnáði.
Gerðir fundarins:

I. **Almennt**

1. **Námskeið fyrir fulltrúa í fræðslunefndum.**

Björgvin gerði grein fyrir málinu og hvatti nefndarmenn til að mæta á námskeiðið sem haldið verður í Vík. Mýrdalshreppur greiðir námskeiðsgjaldið og þeir fræðslunefndarfulltrúar sem mæta fá greitt fyrir sem um fund væri að ræða.

Á fundinn mæta Aðalheiður Sigþórsdóttir leikskólastjóri, Hjördís Jónsdóttir fulltrúi leikskólakennara og Salome Valdimarsdóttir fulltrúi foreldra leikskólabarna.

II. **Leikskólinn.**

1. **Verklagsreglur um tilkynningaskyldu - bréf menntamálaráðuneytis dags. 20. desember 2006.**

Aðalheiður kynnir reglurnar fyrir starfsfólki og reglurnar verða hluti af starfsmannahandbók leikskólans. Lagt fram tilkynningar.

2. **Vistunar- og starfsmannamál.**

Í byrjun febrúar er 26 börn í vistun, 2 í þriggja daga vistun, 6 í 4 daga vistun og rest í fullri vistun. 5 börn eru undir tveggja ára aldri. Fullskipað er miðað við starfsmannahald.

3. **Könnun á starfsemi leikskóla – bréf menntamálaráðuneytis dags. 23. janúar 2007.**

Aðalheiður taldi sig vera búna að senda umbeðnar upplýsingar en það virðist hafa misfarist. Upplýsingarnar eru til og Aðalheiður kemur þeim til ráðuneytisins.

Aðalheiður, Hjördís og Salome yfirgefa fundinn.

Á fundinn er mættur Kristinn Jóhann Níelsson tónskólastjóri.

III. **Tónskólinn**

1. **Nemendaskráningar.**

Í skólann eru skráðir 35 í einkakennslu þar af 19 fullu námi. Sjö læra á píanó, 17 á gítar, 6 á trommur, 3 á bassa, 1 á harmonikku og 1 á fiðlu. Að auki eru 3 tíma í forskóla og valtímar fyrir grunnskólann. Tíu eða 11 börn eru í valgreinum.

2. **Önnur mál.**

Kristinn gerði grein fyrir starfi skólans og viðburðum sem framundan eru s.s.

sköpunartónleikar, bítlátónleikar og þátttaka í kirkjustarfi.

Kristinn yfirgefur fundinn.

Á fundinn mæta Kolbrún Hjörleifsdóttir skólastjóri, Gunnar Halldórsson fulltrúi kennara og Kristján Kristjánsson fulltrúi foreldra.

IV. Grunnskólinn

1. Verklagsreglur um tilkynningaskyldu - bréf menntamálaráðuneytis dags. 20. desember 2006.

Kolbrún kynnir reglurnar fyrir starfsfólkinu. Lagt fram til kynningar.

2. Breytingar á grunnskólalögum – bréf menntamálaráðuneytis dags. 22. des. 2006.

Lagt fram til kynningar.

3. Dagsetningar samræmdra prófa – bréf menntamálaráðuneytis dags. 22. janúar 2007.

Lagt fram til kynningar.

4. Ungt fólk 2006 - bréf menntamálaráðuneytis dags. 29. janúar 2007.

Ráðuneytið upplýsir að niðurstöður úr rannsókninni Ungt fólk 2006 séu aðgengilegar á heimasíðu ráðuneytisins. Rannsóknin var gerð á viðhorfum nemenda til menntunar, menningar, tónstunda og íþróttaiðkunar auk þess að kanna framtíðarsýn íslenskra ungmenna. Lagt fram til kynningar.

5. Uppeldi til ábyrgðar.

Kolbrún kynnir verkefnið og upplýsir að sótt verði um í þróunarsjóð grunnskóla til að hrinda verkefninu af stað. Samvinna verður við leikskólann varðandi verkefnið.

Grunnskólakennarar mæta á fundinn.

6. Ályktun kennarafundar 18. janúar 2007

Í ályktuninni kemur m.a. fram að kennarar eru furðu lostnir yfir vinnubrögðum og áformum fræðslunefndar og sveitarstjórnar varðandi skólastarf í Mýrdalshreppi. Ekki hafi verið haft samráð við kennara skólans þegar ákveðið var að skera kennslumagn skólans niður um 1,7 stöðugildi. Kennarar telja að ekki verði gengið lengra í samkenslu í Grunnskóla Mýrdalshrepps og telja sig ekki geta axlað þá ábyrgð að slík ákvörðun muni ekki koma niður á gæðum þess skólastarfs sem fram ferð í skólanum.

Kennarar fylgja ályktun sinni úr hlaði og ítreka þau sjónarmið er þar koma fram.

Björgvin upplýsir að gagna hafi verið aflað víða frá og að allmörg dæmi finnist um skóla af svipaðri stærð sem virðist vera reknir á hagkvæmari hátt án þess að fyrir liggi upplýsingar um að nemendur þar nái lakari árangri.

Fram kom að fjárhagsáætlun grunnskólans, upp á um 85,5 millj. kr. hefur verið samþykkt og að stjórnendum sveitarfélagsins og stofnanna þess sé skylt að vinna eftir henni. Samþykkt sveitarstjórnar um kennslustundafjölda sé leið sem búið er að benda á til að ná þessum markmiðum. Sjái skólastjórnendur aðrar leiðir til að reka stofnunina innan fjárhagsrammans er sjálfsagt að fræðslunefnd taki slíkar hugmyndir til skoðunar.

Fundurinn er sammála um að aðilar vinni saman að farsælli lausn málsins.

Grunnskólakennarar yfirgefa fundinn.

Kolbrún og Kristján yfirgefa fundinn.

Fundargerðin lesin upp og samþykkt.

Fundi slitið kl: 20:00

Inger Schiöth

Björgvin Jóhannesson
Formaður

Bergþóra Ástþórsdóttir

Guðný Sigurðardóttir

Sveinn Pálsson
Sveitarstjóri

Andrína Erlingsdóttir